



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

55. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 20. febrúar 2017

Reykholt kl 16.00 – 18.00

Mættir: Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformarður, Axel Sæland ritari, Kristín Hreinsdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Hildur Ósk Sigurðardóttir varamaður fulltrúi foreldra Reykholti, Karl Hallgrímsson fulltrúi kennara Reykholti, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir fulltrúi kennara Laugarvatni, Smári Stefánsson varamaður fulltrúi foreldra Laugarvatni.

Forfallaðir: Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra Laugarvatni, Herdís Friðriksdóttir fulltrúi foreldra Reykholti.

Grunnskólastig

1. Ytra mat Bláskógaskóla Reykholti. Kristín fer lauslega yfir þá vinnu sem felst í ytra mati. Allt starf skólans er tekið fyrir af Menntamálastofnun. Óskað er eftir gögnum frá skólanum, einnig mæta úttektaraðilar í 3 daga í skólann, fylgjast með kennslu, taka viðtöl við rýnihópa; kennara, foreldra, starfsfólk og nemendur. Tilgangur ytra matsins er að koma auga á þá góðu hluti sem verið er að vinna að og þá hluti sem má laga. Skýrslan sem mun fylgja í kjölfarið er ætluð sem tæki til að gera betur og halda í þá góðu hluti sem verið er að gera.
2. Skóladagatal 2017-2018
 - Reykholt fyrstu drög.
 - Laugarvatn fyrstu drög.

Stefnt að því að skóladagatölin verði tilbúin fyrir næsta skólanefndarfund.

3. Foreldrafélagin. Bryndís fer yfir gögn sem til eru um hlutverk foreldrafélaga samkvæmt lögum og aðalnámsskrá. Einnig fór hún yfir hlutverk skólaráðs skólanna. Kristín leggur fram bókun.

Bókun skólastjórnenda Bláskógaskóla í Reykholti vegna viðhorfs og afskipta formanns og stjórnar foreldrafélags Bláskógaskóla í Reykholti af stjórnun og innra starfi skólans

Nýverið kom upp, hjá stjórn foreldrafélags Bláskógaskóla Reykholti, misskilningur um hlutverk foreldrafélagsins í skólanum. Áréttað er að hlutverk foreldrafélaga skv. 9. gr. grunnskólalaga er „...**að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.**“ Foreldrafélög hafa ekkert hlutverk varðandi stjórnun skólans eða starfsmamál.

Afar mikilvægt er að foreldrafélag við hvern skóla sé virkt. Stjórn foreldrafélagsins er ábyrg fyrir því að boða fundi, a.m.k. einn fund á ári, aðalfund. Enginn fundur hefur verið haldinn í tíð núverandi stjórnenda skólans.

Virkt foreldrafélag er dýrmætt fyrir hvern skóla því nám og vellíðan barnanna í skólanum er samstarfsverkefni skóla og foreldra. Það hefur sýnt sig að þar sem foreldrafélög eru virk þar er árangur barnanna meiri.

Góð og heiðarleg samskipti eru lykilatriði í samstarfinu. Nú, þegar búið er að fara yfir og skýra hlutverk foreldrafélaga, vonum við að okkur lánist að starfa saman á þeim nótum í framtíðinni.

Kristín Hreinsdóttir

skólastjóri

Drífa Kristjánsdóttir

aðstoðarskólastjóri

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Axel Sæland ritaði fundargerð